



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**4. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í Sveinatungu, bæjarstjórnarsal Garðabæjar, Garðatorgi,
þriðjudaginn 13. september 2022
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Lovísa Jónsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Einar Þorsteinsson, Alexandra Briem, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Dagskrá:

1. Tilgangur Stefnuráðs byggðasamlaganna og fyrirkomulag - 2111014

Formenn Stefnuráðs byggðasamlaganna setja fund, bjóða fundarmenn velkomna og fara yfir dagskrá. Fundarmenn kynna sig en auk stefnuráðsfulltrúa sitja stjórnarmenn í Sorpu bs., Aldís Stefánsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir auk Jóns Viggós Gunnarssonar framkvæmdastjóra Sorpu bs., fundinn undir liðum 1 og 2. Þá eru Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir ráðgjafar Strategíu gestir fundarins.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir forsögu, markmið og tímalínu verkefnisins og hlutverk Stefnuráðs sem var sett á stofn á grundvelli viðauka við stofnsamninga Strætó bs. og Sorpu bs.

Umræður. Til máls tóku Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Dagur B. Eggertsson, Svana Helen Björnsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorkell Sigurlaugsson, Alexandra Briem og Lovísa Jónsdóttir.

Niðurstaða:

Kynning og umræður. Þá verði stefnt að því að halda sérstakan kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa um þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað.

2. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Almar Guðmundsson formaður stjórnar SSH og annar formanna stefnuráðs kynnir helstu viðfangsefni næstu ára á sviði úrgangsmála.

Þá eru fyrirbyggjandi drög að stefnusáttmála sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins á



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sviði úrgangsmála, en þau voru til umræðu á 3. fundi stefnuráðs þar sem ákveðið var að leggja drögin fram að nýju á fyrsta fundi nýs stefnuráðs að loknum sveitarstjórnarkosningum. Ákveðið var að taka sáttmáladrögin ekki til efnislegrar skoðunar sem slík á þessu stigi heldur einblína á verkefni á sviði úrgangsmála.

Almar Guðmundsson stýrir umræðum um verkefni á sviði úrgangsmála og hlutverk stefnuráðs við stefnumótun málaflokksins. Til máls tóku Dagur B. Eggertsson, Jón Viggó Gunnarsson, Valdimar Víðisson, Aldís Stefánsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Líf Magneudóttir, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Lovísa Jónsdóttir, Alexandra Briem, Þorkell Sigurlaugsson, Björg Fenger, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson og Regini Ásvaldsdóttir.

Niðurstaða:

Formönnum stefnuráðs ásamt framkvæmdastjóra SSH er falið að funda með formanni stjórnar og framkvæmdastjóra Sorpu bs. til að fara frekar yfir umræður fundarins, og móta tillögur að stefnusáttmála og fyrirkomulagi áframhaldandi vinnu fyrir næsta fund stefnuráðs.

3. Stefnuráð - Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu - 2209004

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og annar formanna stefnuráðs kynnrir helstu viðfangsefni næstu ára á sviði almenningssamgangna og álitamál sem uppi eru varðandi skipan málaflokksins til framtíðar. Þá kemur fram að samningaviðræður við ríkið verði leiddar til lykta á næstu vikum.

Auk stefnuráðsfulltrúa sitja stjórnarmenn í Strætó bs., Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Magnús Örn Guðmundsson, Kristín María Thoroddsen auk Jóhannesar Rúnarssonar framkvæmdastjóra Strætó bs., fundinn undir liðum 3 og 4.

Dagur B. Eggertsson stýrir umræðum um verkefni á sviði almenningssamgangna og hlutverk stefnuráðs við stefnumótun málaflokksins. Til máls tóku Alexandra Briem, Líf Magneudóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Lovísa Jónsdóttir, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Sara Dögg Svanhildardóttir, Almar Guðmundsson, Jóhannes Rúnarsson, Magnús Örn Guðmundsson og Páll Björgvin Guðmundsson.

Niðurstaða:

Formönnum stefnuráðs ásamt framkvæmdastjóra SSH er falið að funda með formanni stjórnar og framkvæmdastjóra Strætó bs. til að fara frekar yfir umræður fundarins, og móta tillögur að stefnusáttmála og fyrirkomulagi áframhaldandi vinnu fyrir næsta fund stefnuráðs. Á þeim fundi verði jafnframt stefnt að því að kynna stöðu samningsviðræðna milli SSH og ríkisins.

4. Stefnuþing byggðasamlaganna - 2111019

Samkvæmt 6. gr. fyrirbyggjandi viðauka við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. skal stefnuráð árlega boða til stefnuþings byggðasamlaga og er nánar tilgreint í ákvæðinu hvaða mál skuli til umfjöllunar. Er það því eitt af hlutverkum Stefneuráðs byggðasamlaganna, sbr. og e)-lið 3.2. gr. starfsreglna þess að



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

undirbúa og halda stefnuþing.

Fyrsta stefnuþing byggðasamlaga höfuðborgarsvæðisins var haldið hinn 22. nóvember 2021, og var megináhersla þess á úrgangsmál, sbr. fyrirbyggjandi fundargerð.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir framangreint.

Niðurstaða:

Ákveðið var að stefnuþing byggðasamlaganna yrði haldið eftir næsta fund stefnuráðs, og er nánari undirbúningi þess því frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.